

Annað veldi ehf

20. okt. 2011

Skúli Jóhannsson

Á að ljúka öllum borunum vegna jarðvarmavirkjana áður en gengið er til samninga um orkusölu?


Inngangur

Með því að ganga ekki frá orkusölusamningum fyrr en öllum borframkvæmdum er lokið, skapast áhætta á að framleiðslukostnaður jarðvarmavirkjana aukist. Orkusalinn gæti orðið berskjaldaður í þröngri samningsstöðu ef orkukaupanda tekst að draga samninga á langinn og auka þannig fjármagnskostnað orkusala jafnt og þétt. Menn þurfa þá að vera á varðbergi gagnvart samráði markaðsráðandi orkukaupanda um að halda orkuverði í lágmarki. Í greinargerðinni er kostnaðaraukning vegna þessa borin saman við aukningu á framleiðslukostnaði vegna hærri reiknivaxta.

Reiknivextir

Mynd 1 sýnir breytingu á framleiðslukostnaði jarðvarmavirkjana með reiknivöxtum og eru 6% reiknivextir til viðmiðunar.

Mynd 1




Reiknivextir eru samsettir af millibankavöxtum auk álags sem um þessar mundir er talið vera 3% en var 1% fyrir efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008. Mismunurinn er 2% sem eykur framleiðslukostnað um 22% samkvæmt línuriti á mynd 1, ef miðað er við hækkun reiknivaxta úr 6% í 8%.

Tímasetning jarðvarmavirkjunar

Mynd 2 sýnir breytingu á framleiðslukostnaði raforku með tímasetningu jarðvarmavirkjunar. Gert er ráð fyrir því að borframkvæmdir séu 45% af virkjunarkostnaði. Sýnd eru tvö tilvik:

- A. Samningar um orkusölu gerðir þegar 30% af borframkvæmdum er lokið. Þetta hefur verið gangur mála á Íslandi hingað til og ekki vitað annað en að hafi gengið alveg ágætlega.
- B. Samningar um orkusölu gerðir þegar öllum borframkvæmdum er lokið. Sagt hefur verið: “Maður verður að bora fyrst til að sjá orkuna áður en virkjað er” og “Ekki er hægt að skuldbinda orkufyrtæki til að afhenda orku sem ekki er vitað um hvor er til staðar á tilteknu svæði”. Þetta er hin nýja stefna í nýtingu háhitasvæða til raforkuframleiðslu hér á landi.

Mynd 2



Í báðum tilvikum er gengið út frá þeirri viðmiðun að virkjunin komi 3 árum eftir upphaflegar borframkvæmdir, sbr mynd 2.

Samanburður á tilviki A og B

Með tilviki A á mynd 2, þ.e. að semja um raforkusölu og hefja virkjunarframkvæmdir þegar 30% af borholum hafa sannað sig, veldur seinkun virkjunar um 3 ár um 11% hækkun á framleiðslukostnaði. Til samanburðar veldur 2% hækkun á reiknivöxtum um 22% hækkun á framleiðslukostnaði eins og áður kom fram á mynd 1.

Ef hins vegar er miðað við tilvik B á mynd 2, þ.e. að klára borframkvæmdir áður en hafist verði handa við virkjunarframkvæmdir, þá verður aukning á framleiðslukostnaði um 38%. Virkjunaraðilinn þarf nú að bera hærri fjármagnskostnað vegna borframkvæmda.

Raunveruleikinn er væntanlega einhvers staðar á milli ofangreindra tveggja tilvika A og B á mynd 2, en það raskar ekki mikilvægi þess að gera sér grein fyrir áhrifum hvorrar leiðar fyrir sig.